

Berist til formanns Samninganefndar ríkisins, Sverris Jónssonar

Reykjavík, 29. apríl 2020

**Efni: Vegna atkvæðagreiðslu um samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi FÍN og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs sem fór fram dagana 8. apríl til 17. apríl sl.**

Félagi íslenskra náttúrufræðinga barst tölvupóstur, dags. 24. apríl sl., frá formanni Samninganefndar ríkisins (SNR), Sverri Jónssyni, þar sem vakin er athygli félagsins á því að við talningu atkvæða í kosningu um gildi kjarasamnings beri að telja auð atkvæði þegar heildarfjöldi greiddra atkvæða er tilgreindur. Jafnframt er félaginu bent á að sú framkvæmd sé í samræmi við niðurstöðu Félagsdóms þar sem reynt hefur á gildi atkvæðagreiðslu og vísar máli sínu til stuðnings til 1. másl. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur þar sem fram kemur: „*Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur í leynilegri atkvæðagreiðslu með meirihluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun.*“ Því telur SNR að hlutfall greiddra atkvæða gegn samþykkt kjarasamningsins nái ekki því hlutfalli sem tilskilið er skv. 1. másl. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938. Einnig vísar SNR til niðurstöðu Félagsdóms í máli nr. 5/1988 máli sínu til stuðnings. SNR telur að af þessu leiði að samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi FÍN og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs hafi verið samþykktur frá undirskriftardegi.

**Afstaða FÍN**

Lög nr. 80/1938 eru almennt talin eingöngu gilda um kjarasamninga á hinum almenna vinnumarkaði en lög nr. 94/1986 gilda um kjarasamninga hins opinbera vinnumarkaðar, þ.e. þeirra sem eru ráðnir hjá ríkinu, ríkisstofnunum, sveitarfélögum eða stofnunum þeirra, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna. Rök hníga að því að tilvitnuð ákvæði laga nr. 80/1938, sbr. 3. mgr. 5. gr. þeirra, eigi ekki við um samþykkt/höfnun kjarasamninga opinberra starfsmanna. Eigi ákvæði laga nr. 80/1938 við þá hvíla rík rök þess efnis að raunveralega hafi verið um að ræða póstatkvæðagreiðslu í skilningi 2. másl. ákvæðisins og því eigi niðurstaða atkvæðagreiðslunnar að gilda, þ.e. atkvæðavægi.

Hið tilnefnda ákvæði 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 er orðrétt: „*Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun. Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í samningnum að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu.*[undirritun bréfitara].“

Með 1. gr. laga 75/1996, var bætt við fjórum málsgreinum við 5. gr. laga nr. 80/1938, þ. á m. umrædda 3. mgr. Í tilvitnaðri 3. mgr. er að finna tvær megin aðferðir til að kjósa um kjarasamning, annar vegar með leynilegri kosningu, sbr. 1. másl. og hins vegar með póstatkvæðagreiðslu, sbr. 2. másl. Í athugasemdum við frumvarp er varð að lögum nr. 75/1996 kom fram varðandi fyrri málsliðinn að lítil þátttaka á fundum og afgreiðsla kjarasamnings hjá viðkomandi stéttarfélagi sé afar óheppileg og því hafi verið sett í lög lágmarks þátttaka, þ.e. 20% af félagsmönnum og að meirihluti þeirra þurfi til að hafna samningi. Er því gert ráð fyrir að slík kosning eigi sér stað á fundi félagsmanna. Síðari málsliðurinn vísar til póstatkvæðagreiðslu og er vísað til í athugasemdum við frumvarpið að þar sé átt við atkvæðagreiðslu meðal allra atkvæðisbærra félagsmanna á kjörskrá. Ef sú aðferð er notuð þá er ekki gerð krafa um að ákveðið hlutfall mótatkvæða gegn samningsniðurstöðu sé til staðar eða að tiltekinni þátttöku sé náð, heldur „[...]að niðurstaða atkvæðagreiðslu gildi[...]“. Í dag, með nútíma tækni, má

leggja að jöfnu að rafræn kosning, þar sem öllum kosningabærum félagsmönnum er gefið tækifæri á að taka þátt í kosningu sé í eðli sínu hið sama og póstatkvæðagreiðsla, sem á þeim tíma sem ákvæðið var sett eina leiðin til að tryggja að allir kosningabærir félagsmenn gætu kosið, og því eigi að gilda hið sama um slíka, þ.e. að niðurstaða hennar gildir óháð þátttöku og óháð hlutfalli mótatkvæða.

Verður hér að líta til tilgangs atkvæðagreiðslu kjarasamnings opinberra starfsmanna, þ.e. að upplýsa um vilja félagsmanna til að fella kjarasamning eður ei. Fyrir liggur að miðað við atkvæðavægi þá var umræddu samkomulagi, dags. 2. apríl 2020, hafnað. Það eru ekki til staðar ákvæði í lögum nr. 94/1986 sem tilgreina með hvaða hætti slík atkvæðagreiðsla eigi að fara fram eða hvernig meta skuli niðurstöðu slíkrar. Með gagnályktun frá forsendum dóms Félagsdóms í máli nr. 5/1988 þá eru ekki til staðar ströng skilyrði ákvæða laga sem unnt er að miða við og því heldur FÍN því fram að afl atkvæða eigi að ráða úrslitum enda komi þar fram skýr vilji þeirra sem tóku þátt í kosningu og telja sig geta metið hvort fella eigi kjarasamninginn eður ei, sérstaklega í ljósi þess að um allsherjaratkvæðagreiðslu var um að ræða, meðal allra atkvæðisbærra félagsmanna á kjörskrá. Hafi löggjafinn ætlað að ákvæði 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 myndu gilda um kosningu kjarasamninga opinberra starfsmanna þá hefði legið beinast við að breyta lögum nr. 94/1986 í samræmi eða hið minnsta að tilgreina slíkt sérstaklega eins og gert var í athugasemdum við 6. gr. frumvarps er varð að lögum nr. 75/1996, sbr. 5. gr. laganna, hvað varðar III. kafla laga nr. 80/1938. Löggjafinn taldi ekki ástæðu til að taka slíkt fram vegna annarra ákvæða laga nr. 75/1996 og verður því að gagnálykta að ekki hafi verið ætlunin að ákvæði 1. gr. laganna tæki einnig til kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þessu til stuðnings má benda SNR m.a. á dóm Félagsdóms í máli nr. 7/1999 og lög nr. 67/2000 sem voru samþykkt í framhaldi af dómnum. Hafnar FÍN því að tilvitnað ákvæði 1. másl. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 eigi við um atkvæðagreiðslu sem átti sér stað 8. apríl til 17. apríl sl. meðal allra kosningabærra félagsmanna FÍN.

Félagið telur að dómur Félagsdóms í máli nr. 5/1988 sem var kveðinn upp 11. apríl 1988 sé í besta falli dræmt fordæmi fyrir túlkun á 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 sem tóku gildi 31. maí 1996 með gildistöku 1. gr. laga nr. 75/1996, m.a. þar sem niðurstaða Félagsdóms varðaði atkvæðagreiðslu samkvæmt 15. gr. laga nr. 94/1986. FÍN hafnar því að umræddur dómur eigi við sem fordæmi vegna umræddrar atkvæðagreiðslu um samkomulag er undirritaður var 2. apríl 2020.

### Niðurstaða

Stjórn Félags íslenskra náttúrufræðinga telur að niðurstaða atkvæðagreiðslu meðal allra kosningabærra félagsmanna gildi, þ.e. atkvæðavægi, og beri því að virða og heldur því fram að samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi FÍN og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dags. 2. apríl 2020, hafi verið fellt í atkvæðagreiðslunni. Er því afstöðu SNR um að umrætt samkomulag skoðist samþykkt alfarið hafnað af hálfu FÍN.

### Að lokum

Að framangreindu virtu þá er ljóst að ágreiningur er milli FÍN og SNR um hvort samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi FÍN og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóð hafi verið fellt eður ei og verður sá ágreiningur varla útkljáður öðruvísi en fyrir Félagsdómi.

Virðingarfyllst,

f.h. Félag íslenskra náttúrufræðinga

---

Marianna H. Helgadóttir, formaður

---

Runólfur Vigfússon, hdl.